

Sp. 474. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja af tekjuafgangi yfirstandandi árs allt að 750 þús. krónum til þess að koma upp rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum á Keldum í Mosfellssveit, enda komi jafnhátt framlag á móti annars staðar að.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra Vilhjálmur Þór hefur ritað fjárveitinganefnd bréf, þar sem hann vekur athygli á því, að ef tekin verði nú ákvörðun um að reisa hina fyrirhuguðu rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum, sem ætlaður hefur verið staður á Keldum í Mosfellssveit, þá séu sterkar líkur fyrir því, að Rockefellerstofnunin í Bandaríkjunum muni veita fé til rannsóknarstöðvarinnar, allt að helmingi stofnkostnaðar. Hefur ráðherrann látið gera áætlun um stofnkostnað fullkominnar rannsóknarstöðvar, en samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir, að rannsóknarstöðin kosti

1500000 krónur. Rockefellerstofnunin í Bandaríkjunum, sem um langt skeið hefur veitt styrki til ýmissa menningarstofnana í öðrum löndum, gerir það að skilyrði fyrir styrkveitingum í þessu skyni, að í viðkomandi landi sé áður búið að ákveða fjárveitingu til stofnunarinnar. Nú hagar svo til um slíkar fjárveitingar hjá Rockefellerstofnuninni á þessu ári, að ákvörðun verður um þær tekin 1. desember n. k. Leggur ráðherra á áherzlu á það, að hraða þurfi aðgerðum í þessu máli, til þess að vonir séu til, að styrkur fái af þessa árs úthlutun stofnunarinnar. Atvinnumálaráðherra átti í utanför sinni á þessu sumri viðræður um þetta mál við forseta Rockefellerstofnunarinnar, og telur ráðherra, að undirtektir forsetans hafi verið á þá lund, að hann leggur til, að hraðað verði undirbúningi málsins og að því loknu send umsókn um styrkinn.

Það hefur að vonum verið rætt um það á undanförunum árum, að koma þyrfti upp fullkominni rannsóknarstöð í búfjársjúkdómum. Í landbúnaðinum er mikil vát fyrir dyrum af völdum búfjársjúkdóma. Sauðfjársjúkdómar eru á sumum svæðum á landinu að leggja fjárræktina í rústir. Til viðbótar við þetta herja nú skæðir sjúkdómar á nautgripastofninn. Svo miklum búsigjum hafa bændur orðið fyrir af þessum völdum, að sums staðar hafa þeir misst meira en helming af kúastofni sínum á skómmum tíma. Þá hafa þeir, sem svínarækt stunda, ekki farið varhluta af því að gjalda afhroð í þeim rekstri vegna kvilla í stofninum. Sama er að segja um hænunaræktina. Eins og af þessu má sjá, á annar aðalvinnuvegur þjóðarinnar mjög í vök að verjast vegna þessara skæðu sjúkdóma, og yfir þjóðinni vofir sú hættu, verði eigi bót á ráðin, að innan skamms verði verulegur skortur á kjöti, mjólk og ull til klæðnaðar, en án þessara vara getur þjóðin ekki verið frekar hér eftir en hingað til. Aldrei hefur í sögu Íslendinga reynt meir á um það, að kostað sé kapps um að hagnýta vísindin og nýjustu tækni á því sviði, ef hægt væri, sem vonir standa til, með þeim hætti að bægja þessum hásku frá bæjardyrum þjóðarinnar. Sigur vísindamanna víðs vegar um heim í baráttunni við sýkla, sem valda sjúkdómum í mönnum og skepnum, á að vera Íslendingum hvót og uppörvun til þess að búa svo í hendur þeim mönnum hér, sem að slíkum málum vinna, að þeir geti þeirra hluta vegna notið sín við þetta erfiða og torleysta viðfangsefni. Með því að reisa fullkomna rannsóknarstofnun á þessu sviði eru kunnáttumönnum okkar í þessari grein sköpuð svipuð eða sams konar starfsskilyrði og stéttarbræðrum þeirra víðs vegar erlendis, og má áreiðanlega mikils af þeim vænta til úrbótar, eftir að þessu væri hrundið í framkvæmd.

Kostnaðurinn við þessa framkvæmd þarf okkur engan veginn að vaxa í augum. Væntanlegur styrkur frá Rockefellerstofnuninni léttir mjög undir með að koma rannsóknarstofnun þessari upp. Stofnkostnaðartillagið tekur bæði til húsa þeirra, er reisa þarf, og öflunar á tækjum til vísindalegra rannsókna. Samkvæmt bráðabirgðakostnaðaráætlun, sem fyrir liggur um rekstur stofnunarinnar, þá er hér ekki um að ræða verulega hækkun á rekstrarkostnaði frá því, sem nú er. Þeir menn, sem að þessum málum vinna nú á ýmsum stöðum við misjöfn og erfið skilyrði, flytja starfsemi sína að sjálfsögðu yfir í hina nýju stofnun, og verður það kjarninn í starfslíði hennar. Þá munu stofnuninni falla til nokkrar tekjur af sölu bólu-efna, vitaminrannsóknnum o. fl. Gert er ráð fyrir því, að tekjur stofnunarinnar fari vaxandi eftir því, sem fram líða stundir. Þótt starfsemi rannsóknarstofnunar þessarar sé aðallega miðuð við rannsóknir búfjársjúkdóma, þá benda allar líkur til, að hún geti orðið allþýðingarmikil fyrir sjávarútveginn í sambandi við efnagreiningu á meðalálýsi, en fullkomin efnagreining á þessu sviði býður bættra starfsskilyrða.

Gert er ráð fyrir, að féð til þessara framkvæmda — móti væntanlegum styrk — taki ríkisstjórnin af tekjuafgangi þessa árs. Í viðtali við fjármálaráðherra, Björn Ólafsson, kom það í ljós, að hann lítur svo á, að fjárhagsafkoma ríkissjóðs á þessu ári mundi leyfa, að þessari greiðslu væri séð borgið með þeim hætti.

Eins og drepið er á hér að framan, fer úthlutun á styrkjum Rockefellerstofnunarinnar til þess að reisa rannsóknarstöðvar og aðrar menningarstofnanir utan heimalandsins fram 1. desember n. k. Þarf af þessum sökum að hraða afgreiðslu málsins.

Samkomulag náðist ekki í fjárveitinganefnd um flutning þessarar þingsályktunartillögu. Meiri hluti nefndarinnar, sem að tillögunni stendur, leggur — með tilliti til þess, hversu ástætt er í þessum efnunum í landinu, — áherzlu á samþykkt tillögunnar í tæka tíð.